

Kjarvalsstaðir sigraðir

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

KYNNGIKRAFTUR
BLÖNDUÐ TÆKNI, RAGNA RÓBERTSDÓTTIR

til 31. október. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá kl. 11–17.

FURÐULEGT nokk þá gerist það ósjaldan þegar rætt er um myndlist og myndlistarmenn að notuð eru hugtök sem tengjast hernaði. Talað er um landvinninga og að listamenn nái yfirráðum yfir rýminu. Í þessu samhengi er það skemmtilegt að loksins þegar Kjarvalsstaðir eru „yfirunnir“ er það af fingerðri konu. Í stað þess að hún rýmið eins og oft gerðist áður fyrr eða þvinga það til hlýðni eins og maður sér stundum hefur Rögnu Róbertsdóttur hreinlega tekist að fá loftið alræmda til að vinna með sér og geri aðrir betur. Hún sýnir þannig í verki að það reynist vel að sýna umhverfinu virðingu og leyfa því að vera eins og það er, með kostum og göllum. Það er engu líkara en þessi langt í frá auðveldi sýningarsalur hafi verið sérhannaður fyrir verk hennar en mig grunar að þannig áhrif hafi sýningar hennar einatt, ekki aðeins hér. Yfirlitssýningin Kynngikraftur var opnuð á Kjarvalsstöðum um síðustu helgi og sýnir Ragna verk frá tveimur síðustu áratugum. Afstaða Rögnu til listar sinnar er þannig að hún fellur í þann hóp listamanna sem ekki gera greinarmun á þeirri sköpun sem felst í að setja upp sýningu á verkum sínum og sköpun verkanna sjálfra en þessi afstaða er heilladrjúg. Þannig er uppbygging sýningar Rögnu og staðsetning verka fullkomlega úthugsuð svo sem best verður á kosið. Hún spilar saman eldri og nýrri verkum og tekst að mynda eina heild en um leið er þróun listar hennar í átt frá skúlptúr í tengslum við byggingarlist yfir í tívíð verk með opnari túlkunarmöguleikum augljós.

Fyrri verk Rögnu á sýningunni leika sér með form sem finnast í náttúrunni, þannig lætur hún saga fyrir sig grjóti í formi sem minnir á stuðlaberg og hleður því upp líkt og byggingu eða býr til gölflöt í anda naumhyggjulistar. Hún notar einnig torf sem hún rullar upp og hún málar hringi á vegg og minnir þannig á eilífðarhringrás náttúrunnar. Ragna hóf listsköpun sína á þeim tíma þegar naumhyggjulistin átti mikið upp á pallborðið og það má segja að hún hafi verið þeirri stefnu trú alla tíð en það væri að gera lítið úr list hennar að flokka hana eingöngu sem slíka því hún tengist fleiri stefnum auk þess að vera persónuleg. Á síðari árum hefur Ragna verið þekktust fyrir hraunverk sín sem gerð eru úr litlum, svörtum eða rauðum hraunmolum og þekja stóra fleti á vegg, sum mynda fleti á gólfi eða utanhúss, á Kjarvalsstöðum eru tvö verk utandyra, ferningur og göngustígur. Ragna safnar molum m.a. úr hrauni úr Heklu og Kötlu og felst töluverð vinna í þeirri söfnun. Eftir hreinsun og flokkun hraunsins ber listakonan lím á veggflöt og tekur sig svo til og kastar molum í vegginn. Einhverjir loða við en aðrir falla á gólfið og er kastað aftur. Hún stýrir að nokkru leyti áferð og útliti verkanna en eftir kastið



Morgunblaðið/Porkell

Húmor „Ég finn fyrir launskemmtilegum húmor í list hennar sem gerir hana enn fjölbreytilegri en ella og ljær sýningu hennar aukna vidd.“

notar hún töng til að bæta í eða taka úr þar sem við á við sköpun blæbrigðaríks yfirborðsins. Í þessum verkum er áhugaverð spenna milli náttúrulegs efniviðarins og myndhugsunar menningar okkar, milli þess hvernig molum er annars vegar þeytt í límið og hins vegar raðað af kostgæfni, að ekki sé minnst á ógnandi ofurkraftinn sem skapaði þessa mola í upphafi og er okkur Íslendingum vel kunnur. Ögnin sem felst í hraungosum er líka í mótsögn við meðferð Rögnu á gosefninu, hér er náttúran tekin og tamin en á svo varfærinn og blíðlegan hátt að hún veit ekki af því, rétt eins og Kjarvalsstaðir gefa eftir og sýna sína bestu hlið. Vinnuáferð Rögnu felur í sér ákveðna nálgun við naumhyggju eins og áður var sagt en einnig við jarðlistaverk, athafnamálverkið og landslagshefðina en það má hikaust líta á veggverk hennar sem hluta af sögu íslenska landslagsmálverksins. Hún reynir ekki að endurskapa náttúruna heldur býr til nýjar myndir út frá fagurfræði og hugmyndum samtímans um eiginleika og hlutverk samtímalistar. Hún reynir ekki að skapa blekkingu eða dýpt í myndum sínum

heldur byggir á hinu sýnilega yfirborði og samspil hennar við byggingarlist sýningarrýmisins er mjög í anda hugmynda í listum síðari tíma þar sem listaverkin eru skoðuð í samhengi við umhverfi sitt en ekki aðskilin frá því. Nálgun hennar við íslenskt landslag er einnig frumleg í jöklamyndunum sem gerðar eru úr glerbrotum og það er einstaklega fallegt hvernig stírnir á myndflötinn líkt og snjóbreiðu. Það er hressandi að sjá verk sem að hluta til á ætt sína að rekja til naumhyggjustefnunnar en hikað er ekki við að leyfa sér að vera hreinlega fallegt á næstum barnslegan hátt. Í glerbrotaverkunum kemur sérlega vel fram hvernig listakonan leitar ekki einungis beint til náttúrunnar sjálfar til að finna margbrotnar birtingarmyndir hennar heldur kemur einnig auga á þær í manngerðum hlutum.

Það má í grófum dráttum skipta þessari sýningu Rögnu í þrjá þætti sem þó allir spila saman, eldri verk, hraun- og glerverkin og síðan nýrri verk úr plasti í neolithum en þau eiga að öllum líkindum eftir að birtast eitthvað áfram og kannski í fleiri

myndum. Ekki má gleyma veggverki úr skeljum en þar kristallast enn einn þáttur í verkum Rögnu, sú hlið sem sýnir þau líkt og verksummerki um náttúruna, rétt eins og jarðlög með steingervingum.

Leikurinn sem mér finnst ég finna fyrir í öllum verkum Rögnu kemur skemmtilega fram í miðrými Kjarvalsstaða þar sem hraunmolar eru lokaðir milli glerja og mynda sjóndeildarhring. Þetta minnir á litla sandleikinn með marglitum sandi sem er hrístur til að skapa ýmiss konar mynstur. Ég finn fyrir launskemmtilegum húmor í list hennar sem gerir hana enn fjölbreytilegri en ella og ljær sýningu hennar aukna vidd. Það er ekki síst þessi tilfinning sem gerir heimsókn á sýningu hennar skemmtilega og eftirminnilega fyrir listáhugafólk sem almenning allan. Nú er upplagt tækifæri til að kynna sér list Rögnu sem hefur um árabíl verið ein okkar fremstu listamanna. Þessi sýning býður áhorfandann velkominn og það er ekki hægt annað en hrifast með ástríðunni sem svo greinilega liggur að baki.

Ragna Sigurðardóttir

Kvikmyndir

Borgarabíó, Akureyri:

Dís ★★★★★ (HJ)
Grettir/Garfield ★★★★★ (SV)
Fahrenheit 9/11 ★★★★★ (HJ)
Háskólabíó
The Terminal ★★★★★ (SV)
The Bourne Supremacy ★★★★★ (SV)
Ken Park ★★★★★ (HL)
Before Sunset ★★★★★ (SG)
Coffee and Cigarettes ★★★★★ (SV)
Supersize Me ★★★★★ (SV)
Capturing the Friedmans ★★★★★ (SV)
The Village ★★★★★ (SV)
King Arthur ★★★★★ (HJ)
Shrek 2 ★★★★★ (SV)
Good Bye Lenin! ★★★★★ (HL)
Laugarásbíó
Dís ★★★★★ (HJ)
The Bourne Supremacy ★★★★★ (SV)

The Stepford Wives ★★★★★ (SV)
Grettir/Garfield ★★★★★ (SV)
Fahrenheit 9/11 ★★★★★ (HJ)
Regnboginn
Dís ★★★★★ (HJ)
Notebook ★★★★★ (HL)
Hellboy ★★★★★ (HJ)
I, Robot ★★★★★ (SV)
Spider-Man 2 ★★★★★ (SV)
Grettir/Garfield ★★★★★ (SV)
Dirty Dancing 2 ★★★★★ (SV)
Sambíóin Reykjavík, Keflavík, Akureyri
The Terminal ★★★★★ (SV)
The Bourne Supremacy ★★★★★ (SV)
The Prince & Me ★★★★★ (HL)
Thunderbirds ★★★★★ (SG)
Catwoman ★★★★★ (SV)
The Village ★★★★★ (SV)
New York Minute ★★★★★ (HJ)
King Arthur ★★★★★ (HJ)
Shrek 2 ★★★★★ (SV)
Gauragangur í sveitinni

★★★★★ (SV)
Smárabíó
Dís ★★★★★ (HJ)
Hellboy ★★★★★ (HJ)
Grettir/Garfield ★★★★★ (SV)
Spider-Man 2 ★★★★★ (SV)
Myndlist
Gallerí +: Þorvaldur Þorsteinsson – Alltaf að mála. Opin um helgar. Til 26. sept.
Gallerí Sævars Karls: Sjafnar Gunnarsson. Bandaríkjaforsetar. Til 23. sept.
Gerðarsafn: Sígild dönsk hönnuð og íslensk húsgagnahönnun. Til 19. september.
Hafnarborg: Katrín Elvarsdóttir. Astrid Kruse Jensen. Fimm skartgripahönnuðir frá Danmörku. Til 20. sept.
Íþróttahúsið, Eiðum: Dieter Roth. Fram í desember.
Kunstraum Wohnraum, Ásabyggð 2, Akureyri: Ulrike Scoeller. Til 21. okt.
Listasafn Akureyrar: Boyle-fjölskyldan. Til 24. okt.
Listasafn ASÍ, Freyjugötu:

Hildur Bjarnadóttir í Ásmundarsal. Hafðís Helgadóttir í Gryfju. Arinstofa: Úr eigu safnsins. Til 12. sept.
Listasafn Einars Jónssonar: Opíð alla daga, nema mánudaga, kl. 14–17. Til 15. sept.
Listasafn Árnesinga: Elín Hansdóttir. Til 12. sept.
„Listamanninum tekst síðan svo vel til við innsetningu sína að það er nánast eins og maður sé staddur inni í einni af teikningum listamannsins sem sýndar eru í anddyri listasafnsins. Samspil lita og forma er sem sagt mjög gott og Elín hefur góð tök á safninu sem heild, sem er ekki sjálfsgátt. Með litum og formum spilar síðan hljóðið, þ.e. vatnsskvaldrið, og sterk lykt af bæði húðlitada teppinu og gula plastdúknum.“
Listasafn Ísafjarðar: Sara Vilbergsdóttir. Til 1. október.
Listasafn Íslands: Glerlistaverk eftir sænska glerlistamenn.

Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn: Maðurinn og efníð. Yfirlitssýning. Til 2006.
Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús: Ný safnsýning á verkum Errós. Kenjarnar – Los Caprichos. Finnur Arnar. Til 3. október.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar: Mánasigð. Grænlenka listakonan Isle Hessne. Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 14–17. Breyting verður á afgreiðslutíma 1. október.
Nýlistasafnið, Laugavegi 21: Til 13. sept. Sýning á safnaeign.
Ráðhús Reykjavíkur: Focus, félag áhugaljósmyndara. Ísland í fókus. Til 21. sept.
Safnasafnið, Svalbarðsströnd: 11 nýjar sýningar.
Safn – Laugavegi 37: Opíð mið. til sun. kl. 14–18. Tvær nýjar sýningar opnaðar kl. 16:00. Ívar Valgarðsson, ljósmynd og glerverk. Pieter Holstein, pappírverk frá

síðustu þremur áratugum. Sumarsýning úr safnaeign. Ný verk eftir Katarinu Grosse og Eggert Pétursson. Til 26. sept.
Safn Ásgríms Jónssonar: Þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar.
Salur íslenskra myndlistarmanna: Jónas Bragi Jónassonopnar sýningu á nýrri og eldri verkum. kl. 14:00.
Skálholt: Staðarlistamenn eru Þórður Hall og Þorbjörg Þórðardóttir. Til 31. sept.

Leiklist

Borgarleikhúsið: Danshátíð lau., sun. Lína Langsokkur, sun. Paris at night, lau, sun.
Leikfélag Akureyrar: Brim, lau.
Vetrargarðurinn, Smáralind: Fame, lau., sun.
Austurbær: Hárið, lau., sun.
Þjóðleikhúsið: Edith Piaf á stóra sviðinu, lau. Dýrin í Hálsaskógi, sun. Græna landið á litla sviðinu, sun.